

Miðvikudaginn 28. febr. 1934.

Nr. 9/1934. **Valdstjórnin** (Th. B. Lindal)

gegn

Hjálmtyr Guðvarðsson, Ólafi Kjartani Ólafssyni og Jóni Straumfjörð Ólafssyni (Garðar Þorsteinsson).

Áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 9. dez. 1933: Kærður, Hjálmtyr Guðvarðsson, sæti 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti hann í hennar stað einföldu fangelsi í 48 daga. Hann greiði og 600 króna aukagjald í ríkissjóð innan sama tíma.

Kærður, Ólafur Kjartan Ólafsson, greiði 400 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti hann í hennar stað einföldu fangelsi í 20 daga.

Kærður, Jón Straumfjörð Ólafsson, greiði 400 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en ella sæti hann í hennar stað 20 daga einföldu fangelsi.

Kærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Hið ólöglega áfengi skal upptækt og eign ríkissjóðs.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eins og fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi, hefir kærði, Hjálmtyr Guðvarðsson, eigi gert sennilega grein fyrir því, hvernig áfengi það, er ræðir um í málinu, hafi verið komið í vörzlur hans, og hann hefir játað, að hann hafi ætlað að selja það. Samkv. 2. málsg. 13. gr. áfengislaganna ber að beita 27. gr. sbr. 1. gr. þeirra l. um þetta brot hans og þykir refsing hans hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og 1000 kr. sekt til ríkissjóðs, er afplán-

ist með 40 daga einföldu fangelsi verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. En með því að ætla verður samkvæmt prófum málsins, að áfengi það, er hér um ræðir, hafi eigi verið innflutt, heldur bruggað hér á landi, brestur heimild til að dæma kærða til geiðslu aukasektar þeirrar, 40 kr. á hvern liter áfengisins, er ræðir um í 27. gr. áfengislaganna.

Um kærðu, Ólaf Kjartan Ólafsson og Jón Straumfjörð Ólafsson, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó þannig, að vararefsingin verði 25 daga einfalt fangelsi og að greiðslufrestur sektanna reiknist frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærðu greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn allan kostnað málsins í héraði og í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Hjálmtýr Guðvarðsson, sæti 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og greiði 1000 kr. sekt í ríkissjóð innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti hann í hennar stað einföldu fangelsi í 40 daga.

Kærði, Ólafur Kjartan Ólafsson, greiði 400 króna sekt í ríkissjóð innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti hann í hennar stað einföldu fangelsi í 25 daga.

Kærði, Jón Straumfjörð Ólafsson, greiði 400 króna sekt í ríkissjóð innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti hann í hennar stað einföldu fangelsi í 25 daga.

Kærðu greiði, einn fyrir alla og allir fyrir einn, allan kostnað sakarinnar í héraði og í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Theodórs B. Lindal og Garðars Þorsteinssonar, 80 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn þeim Ólafi Kjartan Ólafssyni og Jóni Straumfjörð Ólafssyni, báðum til heimilis í Bjarnaborg hér í bæ og Hjálmtý Guðvarðssyni til heimilis á Frakkastig 13 hér í bæ fyrir brot gegn áfengislögum nr. 64, 1930 og eru málavextir þeir, er hér greinir.

Aðfaranótt 28. október s. l. var hringt á lögreglustöðina frá gistihúsi einu hér í bænum og tilkynnt, að þar hefði maður tekið herbergi á leigu þá fyrir litilli stundu og haft með sér farangur, sem grunur væri á, að væri ólöglegt áfengi. Lögreglan brá þegar við og þegar hún kom á staðinn hitti hún þar kærðu í máli þessu og fann hjá þeim 40 háflöskur af heimabrugguðu áfengi.

Kærður, Hjálmtýr, hefir játað, að vera eigandi að áfengi þessu. Gerir hann svofellda grein fyrir því, að hann hafi keypt það af manni, sem hann ekki þekkti, en haldi að sé austan úr Þingvallasveit. Kveðst hann hafa hitt mann þenna á Lækjartorgi og hafi hann þá vikið sér að sér og boðið sér heimabruggað áfengi til kaups og hafi hann síðar að kvöldi afhent sér það niður við höfn og kom með það þangað á bifreið en númer hennar eða önnur einkenni getur kærði ekki tilgreint. Áfengið kveðst hann hafa ætlað að selja.

Á Vesturgötu 24 hafði kærður herbergi á leigu og flutti hann áfengið þangað. Nú bar svo við, að hann var tekinn af lögreglunni fyrir ólöglega vörzlu áfengis, og þegar kærður, Ólafur Kjartan, fréttir það hugði hann að þar mundi

verða gerð húsleit og fer því þangað ásamt öðrum manni og flytja þeir áfengið á brott. Gerði hann þetta í greiðaskyni við kærðan, Hjálmtý, og vildi með því forða áfenginu frá að lenda í höndum lögreglunnar. Var áfengið síðan geymt heima hjá kærðum, Ólafi, og bróður hans, kærðum Jóni Straumfjörð.

Þegar kærðum, Hjálmtý, var sleppt, fékk hann sér þegar í stað leigt herbergi á áðurnefndu gistihúsi og flutti þegar áfengið þangað með aðstoð meðkærðu, Ólafs og Jóns.

Sýnishorn af áfenginu hafa verið rannsökuð af efna-rannsóknarstofu ríkisins og reyndist alkoholinnihald þess að vera 63,9% og 63,2% að rúmmáli.

Kærður, Hjálmtýr Guðvarðsson, hefir með dómi hæstaréttar 13. nóv. 1931 verið dæmdur í skilorðsbundið 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 6. og 7. gr. laga nr. 51, 1928, sr. 231. gr. almennra hegningarlaga frá 1869. Hann hefir og hinn 27. október þ. á. í lögreglurétti Reykjavíkur undirgengizt, að greiða 200 króna sekt til ríkissjóðs fyrir brot gegn áfengislögnum.

Kærður, Ólafur Kjartan Ólafsson, hefir hinn 13. dez. 1927 sætt ákæru fyrir hlutdeild í innbrotspjófnaði. Hann hefir og með dómi lögregluréttar Reykjavíkur 18. nóv. þ. á. verið dæmdur í 500 króna sekt til ríkissjóðs fyrir brot á 6. gr. sbr. 20. gr. og 11. gr. sbr. 32. gr. áfengislaga nr. 64, 1930.

Kærður, Jón Straumfjörð Ólafsson, hefir á árunum 1922—1923 fjórum sinnum sætt ákæru fyrir pjófnað.

Með því að kærður, Hjálmtýr, þykir ekki hafa gert sennilega grein fyrir áfengi þessu, ber að heimfæra brot hans undir 13. gr. sbr. 1. gr. og 27. gr. 1. tll. áfengislaga nr. 64, 1930. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1000 króna sekt til ríkissjóðs og komi 48 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa Þá greiði hann og innan sama tíma kr. 600,00 aukagjald í ríkissjóð.

Brot þeirra Jóns og Ólafs varðar við 42. gr. sömu laga, þykir refsing þeirra hvors um sig hæfilega ákveðin 400 króna sekt til ríkissjóðs er greiðist innan 4 vikna frá lög-

birtingu dóms þessa, en ella komi í stað hvorrar sektar 20 daga einfalt fangelsi.

Kærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Hið ólöglega áfengi sé upptækt og eign ríkissjóðs.

Á málinu hefir ekki orðið óþarfur dráttur.

Miðvikudaginn 28. febr. 1934.

Nr. 116/1933. **Guðrún Blöndahl** (Th. B. Línal)

gegn

Einari Guðmundssyni (Sjálfur):

Krafa um útburð af jörð tekin til greina.

Úrskurður fúgetaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 29. ágúst. 1933: Útburðarkrafa gerðarbeiðanda verður eigi tekin til greina.

Dómur hæstaréttar.

Með afsali sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 27. nóv. 1931, var Magnúsi Th. Blöndal kaupmanni lögð út til fullrar eignar og umráða hálf jörðin Miðdalur í Mosfellssveit, Austurhlutinn, sem ófullnægðum veðhafa, samkvæmt tryggingarbréfi útgefnu af þáverandi eiganda jarðarinnar, fyrir sýslumanni Einari Benediktssyni 5. maí 1920, þinglesnu 9. júní s. á., en jarðarhálfendu þessa hafði Einar Benediktsson keypt af stefnda í máli þessu, Einari Guðmundssyni, með afsalsbréfi dags. 14. maí 1918, sem hefir búið á jörðinni alla tíð síðan. Eftir lát Magnúsar Th. Blöndahl byggði ekkja hans, Guðrún Blöndahl, sem situr í óskiptu búi eftir mann sinn, stefnda út af jarðarparti þessum til burtflutnings þaðan í fardögum 1933 og var útbyggingartilkynningin birt